

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991
með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 9.1.1.1. orðist svo:

Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, skulu samt vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund í flutningaflugi með farþega. Í þjónustuflugi með einshreyfils flugvélum, sem flogið er að degi til við sjónflugsskilyrði, er þó heimilt að í flugáhöfn sé einn flugmaður. Þessi grein tekur gildi 1. júní 1998.

2. gr.

Grein 9.1.1.1.1. orðist svo:

Til 1. júní 1998 gildir að í flutningaflugi með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

- a) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug milli Íslands og annarra landa og
- b) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug með:
 - i) þotum,
 - ii) skrúfuþotum með jafnþrýstibúnaði,
 - iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

3. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra flugvéla og annarra flugvéla sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður. Reglugerðin er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. apríl 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 425/1995 takmarkar Vegagerðin tímabundið mestu leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn krefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga við 5 eða 7 tonn gilda eftirfarandi reglur um mestu leyfða heildarþyngd og áspunga:

Þegar áspungi er takmarkaður við 5 tonn er mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja 19 tonn. Þegar áspungi er takmarkaður við 7 tonn er mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja 27 tonn.

Áspungi skal vera sem hér segir:

	Ásar	Burðarflokkar	
		7 tonn	5 tonn
Ás með tveimur hjólum		5 ^{x1}	3
Ás með fjórum hjólum		7	5
Tvíás með fjórum hjólum		7	5
Tvíás með sex hjólum		9	6,5
Tvíás með átta hjólum		11	8
Þríás með sex hjólum		11 ^{x2}	8 ^{x2}
Þríás með tólf hjólum		15 ^{x2}	11 ^{x2}

x1) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20.

Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra tonna áspungi.

x2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20.

Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Reykjavík, 1. apríl 1996.

Vegagerðin,

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.